

Aðalfundur hestamannafélagsins Glaðs

Fimmtudagur, 11 apríl 2024

Stjórn:

Valberg Sigfússon formaður

Svanhvít Gísladóttir varaformaður

Þórður Ingólfsson gjaldkeri

Sjöfn Sæmundsdóttir ritari

Þórarinn Birgir Þórarinsson meðstjórnandi

Skjöldur Orri Skjaldarson meðstjórnandi



17 Glaðsmenn eru mættir.

Valberg biðst afsökunar á því að hafa eingöngu boðað til fundar á Facebook, en vegna breytinga á kerfunum Felix og sportabler, dattu öll email félagsmanna út.

Valberg leggur til að Þórður sé fundarstjóri og Sjöfn sem ritari. Samþykkt samhljóða.

Valberg fer yfir skýrslu félagsins. 155 félagar, ef félagar hafa ekki borgað í tvö ár þá falla þeir út sem félagar. Heiðursfélagi lést og verða fulltrúar Glaðs þar til heiðurs.

Eitt mót hefur verið haldið og ekkert mót á þessu ári. Þurfum að finna leið til að fá fólk til að mæta.

Útreiðarnámskeið var haldið í sumar og var reiðkennari Laufey Fríða og systir hennar Kristín var henni til halds og trausts. Haldið var opið hús í lok námskeiðs og var þátttakan mjög mikil.

Linda Rún er með námskeið núna og þátttakan frekar dræm en námskeiðið er í gangi.

Reiðvegamálin héldu áfram og er verið að leggja nýjan reiðveg núna í kringum hesthúsahverfið.

Eftir þetta ár ætti reiðvegurinn að vera orðin vel fær. Í samstöðu með Vestfjörðum í

reiðvegaleiðum og fær Glaður 2.300.000 kr

A handwritten signature in blue ink, appearing to be 'yph' or similar, located in the bottom right corner of the page.

Skemmtinefndin stóð fyrir hópferð á afmælishátíð Snæfellings og var farið snemma heim. Loksins var sett nýtt undirlag í reiðhöllina, þar var sett inn furuflís og sandur. Inní reiðhöllinni er gámur með klósettum og upphitaðri aðstöðu. Miklar framfarir.

Aðalfundur Nesodda var nú á dögunum og var ákveðið að stjórn Glaðs yrði stjórn Nesodda. Lánið er orðið hlutfé uppá 8.500.000 kr. Hlutir hluthafa þar með þurrkaðist hlutur þeirra út. Glaður á 99,06%

Þórður og Valberg fóru á formannsfund.

Sameiginleg úrtaka verður með Borgfirðing og Dreyra í Borgamesi. Dreyri sér um skráninguna og Borgfirðingur sér um völinn. Glaður þarf að manna aðrar sjálfbóðaliðastöður.

Búið er að boða UDN þing 17 apríl og LH þing 25-27 október

Við munum vera með í að halda fjórðungsmót og munu öll félög sem hafa staðið að mótinu halda því áfram.

Gjaldkeri fer yfir ársreikninga.

Breytingar hafa verið gerðar þannig að við sjáum alltaf árið á undan líka.

Eina breytingin sem er augljós er innkoma mótanefndar vegna fárra móta.

Þórður ákvað að fara ekkert dýpra í reikningin.

En boðar umræður tengdar ársreikningi og gefur orðið laust.

Þórður gefur færi á að spyrja út í skýrsluna hans Valbergs.

Valberg tekur orðið og fer yfir reiðvegagjöldin og útskýrir reikningana.

Einnig útskýrir hann reikninga Nesodda.

Reikningarnir eru samþykktir samhlóða.

Næsti liður eru lagabreytingar en verða ekki teknar fyrir núna.

Næst eru kosningar félagsins.

Við þurfum að kjósa formann og varaformann þetta árið. Þetta rúllar á þremur árum.

Biggi vill hætta í stjórn.

Valberg gefur ekki kost á sér áfram sem formaður og telur þessa 6 ára setu vera góðan tíma.



Heiðrún Sandra gefur kost á sér til formanns og óskum við henni til hamingju með kjörið. Svanhvít gefur kost á sér áfram sem varaformann félagsins. Svanhvít situr áfram næstu þrjú árin. Kjósa þarf nýjan meðstjórnanda í stað Þórarins Birgis og gefur Einar Hólm kost á sér og mun sitja næstu tvö árin.

Bryndís er kosin sem endurskoðandi reikninga.

Kjósa þarf fulltrúa til að fara á LH þing: Sjöfn, Dóróthea og Eydís vilja fara á LH þing. Sjöfn og Eydís fara og Dóróthea er til vara.

Varðandi þing UDN þá tekur Hanna Sigga til orða og nefnir að þessir 6 fulltrúar Glaðs þurfi að kynna sér fundamálin. Heiðrún Sandra fer, Skjöldur, Hanna Sigga, Svanhvít, Viðar og Einar Hólm. Þórður er til vara.

Glaður hefur vald til að velja hverjir sitja í stjórn Glaðs og haldin verður aðalfundur Nesodda. Glaður heldur aðalfund á undan Nesodda til að velja í stjórn félagsins.

Næst er kosning í nefndir félagsins. Nokkrar tillögur hafa borist og eftirfarandi nefndir skipa:

Fræðslu- og æskulýðsnefnd

Eydís Anna Kristófersdóttir formaður
Dóróthea Sigríður Unnsteinsdóttir ritari
Þórey Björk Þórisdóttir
Heiðrún Sandra Grettisdóttir
Styrmir Sæmundsson

Mótanefnd

Einar Hólm Friðjónssonformaður
Vilberg Þráinsson
Eydís Anna Kristófersdóttir
Jóna María Gísladóttir

Laufey Fríða Þórarinsdóttir

Skemmtinefnd

Jóhanna María Sigmundsdóttir formaður

Hermann Jóhann Bjarnason

Sigurður Jökulsson

Tölvunefnd

Þórður Ingólfsson formaður

Dóróthea Sigríður Unnsteinsdóttir

Viðar Ólafsson

Reiðveganefnd

Valberg Sigfússon formaður

Skjöldur Orri Skjaldarson

Heiðrún Sandra Grettisdóttir

Ákvörðun árgjalds, gjaldkeri leggur til að árgjald verði óbreytt. Félagsgjöldin eru 7500 kr. Samþykkt.

Önnur mál

Þórður tekur til máls og nefndir heiðursvörð í útför Lóu sem var heiðursfélagi Glaðs.

Þórður fer, Skjöldur, Svanhvít, Biggi og Viðar

Tillaga um að Þórður geymi jakka félagsins

Svanhvít nefnir að skynsamlegast væri að hesthúsaeygendur sjái um að vökva höllina.

Skjöldur leggur til að hestaeigandafélagið sjái um vökvunina.

Sjöfn, Eydís og Dóróthea nefna hvort að reiðveganefnd geti barist fyrir reiðvegi frá Skriðulandi að Neðri-Brunná. Til er samkomulag hjá LH að vegagerðin þurfi að gera reiðveg ef malarvegur er malbikaður.



Viðar nefndir að þetta sé mikið undir landeigendum.

Heiðrún Sandra nefnir að Ólafsdalsvegurinn sé merkt reiðleið.

Skjöldur nefnir að við þurfum að vernda mikilvægar reiðleiðir.

Valberg segir að sækja þurfi númer fyrir reiðveginn og sækja um.

Búið er að senda pósta útaf reiðveginum á Skógarströnd. Það mál er klárt.

Þegar reiðvegir eru til staðar þá fáum við tilkynningu um að framkvæmdir séu í vændum og getum þar af leiðandi varið okkar reiðleiðir.

Þórður spyr hvort fundarmenn vilji hafa skoðun á tillögu á sorphirðustöð sem yrði sett upp hjá reiðhöllinni sem væri fyrir sumarbústaðaeigendum. Gyða mótmælir staðsetningu gámsins og vill ekki fá traffík frá sumarbústaðaeigendum. Skjöldur vill að við sýnum liðlegheit.

Valberg vill líka að við sýnum sveitarfélaginu liðlegheit og að gámarnir verði fjarlægðir ef umgengni sé ekki góð. Samþykkt.

Þórður vill leggja til máls: hann vill þakka Valberg fyrir sína formennsku og þakkar fyrir samstarfið. Hann vill bjóða Heiðrúnar Söndru velfarnaðar í starfi formanns.

Magga spyr varðandi félagsmennina, fjöldan, hverjir koma inn og hverjir fara út.


Valberg svarar að félögin hafi farið úr felix yfir í sportabler. Utanumhaldið í kringum félagsmenn hverjir, ganga inn í félagið og út úr því. Félagafjöldinn er 155.

Þórður leggur til að hann sjái um þetta og leggist yfir þetta.

Allir félagar þurfa að logga sig inn og skrá sjálfir netfangið sitt. Hann getur ekki gert þetta sjálfur.

Stjórn Glæðs skipa þá núna: Heiðrún Sandra Grettisdóttir formaður, Svanhvít Gísladóttir varaformaður, Sjöfn Sæmundsdóttir ritari, Þórður Ingólfsson gjaldkeri, Skjöldur Orri Skjaldarson og Einar Hólm Friðjónsson meðstjórnendur.

Valberg slítur fundi.


gjaldkeri


ritari